

L Ö G

32

22. apríl

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna kemur á eftir 45. lið:
Leirhöfn á Melrakkaslétu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

33

22. apríl

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

Óheimilt er Grímsneshreppi að selja jörðina öðrum en ríkissjóði og þá fyrir kostnaðarverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.